

Ályktanir 33. landsþings NLFÍ í október 2011

Erfðabreyttar lífverur - ræktun erfðabreyttra plantna á Íslandi

Landsþing Náttúrulækningafélags Íslands fordæmir það ábyrgðarleysi íslenskra stjórnvalda að heimila útiræktun á erfðabreyttum lífverum á Íslandi. Fjöldi ritrýndra vísindalegra rannsókna liggja nú fyrir sem sýna fram á að erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra valda óafturkræfu tjóni á umhverfi og heilbrigði dýra og manna. Landsþing NLFÍ telur að notkun erfðabreyttra lífvera skuli einvörðungu fara fram í lokuðu rými. Þingið krefst þess að þar sem leyfi til slíkrar "afmarkaðrar" notkunar hafa verið veitt tryggj eftirlitsaðilar raunverulega afmörkun þannig að erfðabreytt efni berist ekki út í umhverfi og mengi grunnvatn og jarðveg.

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að banna með öllu útiræktun á erfðabreyttum lífverum og undirbúa að Ísland verði sem fyrst lýst „land án erfðabreyttra lífvera“.

Erfðabreyttar lífverur – innihaldslýsingar

Landsþing NLFÍ fordæmir aðgerðarleysi íslenskra stjórnvalda varðandi innihaldslýsingu matvæla og hvetur þingið til þess að nú þegar verði tekin upp tilskipun EES í íslensk lög um merkingar á matvælum sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum og afurðum þeirra.

Lífræn framleiðsla

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að styðja bændur í lífrænni framleiðslu og móta stefnu um eflingu lífræns landbúnaðar á Íslandi. Innlend framleiðsla annar nú ekki eftirspurn eftir lífrænum afurðum.

Vottað lífrænt nytjaland á Íslandi nemur nú aðeins 1,23% af áætluðu flatarmáli þess lands sem talið er nýtanlegt til landbúnaðar.

Vísindalegum rannsóknum fjölga sem sýna fram á að lífrænar aðferðir auka langtíma hagkvæmni í framleiðslu, hafa jákvæð áhrif á lífríki og umhverfi, auka næringarefnainnihald matvæla og stuðla að bættu heilsufari.

Mataræði barna í grunnskólum

Landsþing NLFÍ hvetur íslensk stjórnvöld til að tryggja börnum hollt fæði í öllum grunnskólum landsins.

Rannsóknir sýna tengsl á milli holls og góðs mataræðis og námsárangurs. Því ættu allir grunnskólar á Íslandi að bjóða fjölbreytta fæðu öllum börnum að kostnaðarlausu.

Sykur og auglýsingar

Landsþing NLFÍ varar við auglýsingum á miður hollum neysluvörum. Margar auglýsingar hvetja til neyslu á varningi sem inniheldur mikið af viðbættum sykri og öðrum óæskilegum efnum þótt þær gefi hollustu í skyn. Vitað er að ofneysla sykurs hefur slæm áhrif á heilsufar. NLFÍ hvetur til að undantekningalaust verði skylt að tilgreina magn viðbættis sykurs á umbúðum matvæla sem seld eru hér á landi.

Áfengi

Landsþing NLFÍ hvetur til aukinnar almennrar fræðslu um skaðsemi áfengis, einkum er varðar áhrif þess á barnshafandi konur, börn og unglinga.

Neysla áfengis á meðgöngu getur skaðað fóstur og orsakað m.a. greindarskerðingu. Neysla áfengis skaðar einnig börn og unglinga sem eru að taka út þroska og getur leitt til fíkniefnaneyslu. Landsþing NLFÍ hvetur til að sett verði varnaðarorð á umbúðir áfengra drykkja og skorar á stjórnvöld að fylgja betur eftir banni við áfengisauglýsingum og herða viðurlög ef brotið er gegn þeim.

Tóbak

Náttúrulækningafélag Íslands og stofnendur þess hafa mælt gegn tóbaksneyslu í yfir 80 ár. Landsþing NLFÍ fagnar þeim árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum á Íslandi og hvetur stjórnvöld til að taka skrefið til fulls og banna reykingar á almannafæri. Árlega deyja um 260 manns af völdum tóbaksnotkunar á Íslandi.

Hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar

Landsþing NLFÍ hvetur til aukinnar samþættingar hefðbundinna lækninga og viðbótarmeðferða.

Viðbótarmeðferð vísar til meðferðar sem ekki hefur verið talin hluti af hefðbundinni heilbrigðisþjónustu en sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að nýtist samhliða hefðbundinni meðferð eða sem sjálfstæð meðferð.

Umhverfi

Landsþing NLFÍ minnir á að hreint náttúrulegt umhverfi er mikilvægur þáttur í lífi og heilsu fólks. Almennur þarf að geta stundað heilbriggt útilíf og hafa aðgang að ósnortnum víðernum. Fólkið í landinu og stjórnvöld verða að standa vörð um stórbrotna náttúru Íslands og lífríki þess.

